

**BIRTA**  
LÍFEYRISSJÓÐUR

**UMHVERFISSTEFNA**  
**BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR**  
OKTÓBER 2018

# TILGANGUR OG MARKMIÐ

---

Birta lífeyrissjóður hefur hag af sjálfbærri þróun samfélagsins og tekur umhverfismál alvarlega. Sjóðurinn er aðili að UNPRI – Reglum SP um ábyrgar fjárfestingar, sem gerir kröfur til UFS málefna við fjárfestingarákvarðanir.

Tilgangur umhverfisstefnu Birtu lífeyrissjóðs er að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Að umhverfisvitund endurspeglar í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvarðanatöku og daglegum störfum starfsfólks. Ennfremur að dregið verði úr kostnaði í rekstri sjóðsins.

Starfsfólk Birtu mun reglulega fá fræðslu sem gerir það meðvitaðra og hæfara í að draga úr umhverfisáhrifum í störfum sínum.

Árlega skal lagt mat á árangur umhverfisstarfsins og í framhaldi unnið með þá þætti sem betur mega fara. Upplýsingum um árangur í umhverfismálum er þá miðlað til starfsfólks og samfélagsins.

Stefnan skal rýnd árlega af stjórnendum og starfsmönnum

## 1. MARKMIÐ

- **Auka vægi stafrænnar þjónustu**

Lögð er rík áhersla á góða stafræna þjónustu án þess þó að dregið verði úr þjónustustigi.

- **Fara sparlega með orku**

Við rekstur, hönnun og viðhald húsnæðis er tekið mið af vistvænum áherslum. Leitast er við að mæla orkunotkun reglulega og lágmarka óþarfa notkun rafmagns og vatns.

- **Minnka sóun**

Birta leggur áherslu á að flokka og auka hlutfall endurnýtanlegs úrgangs sem kostur er og farga spilliefnum á viðeigandi hátt. Stefnt er að því að draga úr pappírnotkun og gætt að því að pappír sem notaður er komi úr nytjaskógum.

- **Kolefnishlutlaus starfsemi**

Sjóðurinn leitast við að minnka kolefnisfótspor vegna reksturs skrifstofu. Markvisst er unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að efla umhverfisvænar samgöngur starfsfólks og vinna jafnframt að kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi.

- **Vistvæn innkaup á vörum/þjónustu**

Við innkaup skal leitast við að velja umhverfismerktar vörur og taka tillit umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Draga skal úr notkun einnota aðfanga s.s. borðbúnaðar og umbúða.

- **Grænt bókhald**

Sjóðurinn mun halda grænt bókhald, sem unnt er og gera grein fyrir tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif af starfsemi sjóðsins með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum.